

Arnar Þór Jónsson (S) (andsvar):

Andsvar 1.

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir ræðuna. Ég vil bara örstutt fá að undirstrika það sem fram kemur í þessari títtnefndu nýju skýrslu, á bls. 502–503, að það hafi verið látið reyna á þanþol lagaheimildanna í stað þess að leita formlegrar heimildar Alþingis. Alþingi hefði getað látið mál þessi til sín taka en valdi þó almennt að gera það ekki. Niðurstaðan var sú, ef maður lítur til baka, að Alþingi var jaðarsett í ferlinu. Það var ekki bara á Íslandi. Það gerðist líka í nágrannalöndum okkar, því miður, á Norðurlöndunum. Það hefur verið mikið gagnrýnt í Noregi og þess vegna vil ég halda þessu á lofti hér á Íslandi. Þetta má ekki gleymast og þetta má ekki endurtaka sig. Ef þingið verður óvirkt á svona tímum þá er það auðvitað stórkostlegt áfall fyrir lýðræðislegt stjórnarfar í landinu. Það segir sig sjálf. Það sem blasir við er að völd voru afhent sérfræðingum, að mínu viti og margra annarra, í of ríkum mæli. Það blasti t.d. við undir það síðasta, meðan sóttvarnalæknir réð hér ríkjum má segja. Hann kom út af ríkisstjórnarfundi — ein af tillögum hans hafði verið útgöngubann og þetta var rétt áður en því var aflétt — og sagði að hann væri ósáttur við að ráðherrar í ríkisstjórn væru með andmæli. Hann vildi að allir töluðu einni röddu út á við.

Hvað varðar ritskoðunartilburði fjölmiðlanefndar þá hef ég gögn undir höndum sem sýna að það var leitað til erlendra fyrirtækja til að kalla ritskoðun yfir Íslendinga. Ég minni á að það sem heitir falsfréttir og upplýsingaóreiða í dag getur verið stórkostlega breytt á morgun. (Forseti hringir.) Það er ekki hlutverk stjórnvalda að ákvarða það. Það verður að fá að gerast í sólarljósinu.

Andsvar 2.

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir svarið. Ég vil bara áréttta það sem ég sagði áður: Í skýrslunni segir og við höfum það reyndar skjalfest að það var ekki leitað formlegra heimilda Alþingis. Það kann vissulega að vera rétt hjá hæstv. forsætisráðherra að meiri hluti þingmanna hafi verið samþykku þessu. En það hefði verið betri bragur á því lýðræðislega og út frá þeim varnögglum sem slegnir eru í stjórnarskránni okkar að kallað hefði verið saman þing með einhverju móti vegna þess að út á við birtist þetta þannig að breytt hefði verið um stjórnarfar í landinu. Í stað þess, eins og ég lýsti áðan að segir í 1. gr. stjórnarskrárinnar, að Ísland sé lýðveldi með þingbundinni stjórn hafi þingræðið verið leyst af hólmi með einhvers konar sérfræðingastjórn og fámennisstjórn sem, samkvæmt þeim orðum sem ég vísaði til áðan frá sóttvarnalækni, birtist m.a. í því að reynt var að kæfa niður andmæli m.a. ráðherra út á við og reynt að koma því þannig fyrir að ríkisstjórnin talaði einni röddu. Þetta var óheilbriggt ástand. Í heilbrigðu ástandi fá þingmenn að koma í ræðustól og tjá sig um svona málefni, hverjum eigi að fela völd og hvaða stefnu skuli marka í þessu en reyndin var sú að það var afskaplega lítil umræða um stjórn landsins og stefnumörkun hvað þetta varðaði. Stjórnin var í reynd afhent, og ég vil undirstrika það og áréttta, fámennum hópi sérfræðinga. Hættan við slíka stjórnun er sú að sjónarhornið þrengist og það sé stýrt með rörsýn en ekki með heildarsýn. Þetta eru mínar athugasemdir og eru settar fram af fullri virðingu fyrir forsætisráðherra og ríkisstjórn og þingi. — Ég hef lokið máli mínu.